

Gátlisti til hliðsjónar við gerð og yfirferð öryggisáætlana

	Gönguferðir um jökla og fjöll	Já	Nei	Á ekki við
1	Áhættumat:			
1.1	Er áhættumat sértækt fyrir þann jökul eða fjalllendi sem ferðast er um og í samræmi við leiðaval?			
1.2	Tekur áhættumat mið af ólíkum svæðum sem farið er um (urð, jökull, sprungusvæði, o.s.frv.) og þáttum eins og þverun straumvatna, bröttum hlíðum, giljum, lausagrjóti, skriðum, stórbýfi og öðrum varasömum þáttum í náttúru Íslands?			
1.3	Tekur áhættumat mið af mismunandi árstíðum, dægursveiflu og veðri?			
1.4	Tekur áhættumat mið af fjarlægð í bjargir og tíma sem tekur að fá utanaðkomandi aðstoð?			
1.5	Er gert ráð fyrir mismunandi getu þátttakenda?			
1.6	Áhættumat og öryggisáætlun þarf að taka til ferðar að upphafsstað gönguferðar, ef við á.			
1.7	Tekur áhættumat mið af sóttvörnum?			
2	Verklagsreglur:			
	Undirbúningur ferðar og upplýsingagjöf			
2.1	Er í verklagsreglum tekið fram hvert hæfi þátttakenda þarf að vera t.d. aldur, líkamlegt atgervi og fleira?			
2.2	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um hæfi og getu til ferðar?			
2.3	Er í verklagsreglum kveðið á um hvernig þátttakendur eiga vera búnir m.t.t. öryggis?			
2.4	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um persónulegan búnað vegna ferðarinnar?			
2.5	Er gátlisti í verklagsreglum um hagnýt atriði sem fara þarf yfir með þátttakendum við upphaf ferðar? (salernisúrræði, nestistíma, aðgengi að drykkjarföngum, varhugaverða staði, séríslenskar aðstæður o.s.frv.)			
2.6	Er gátlisti í verklagsreglum sem kveður á um atriði sem huga þarf sérstaklega að við undirbúning ferðar? (veðurspá, snjóalög, mat fyrri ferðalanga o.þ.h.)			
2.7	Er í verklagsreglum fjallað um við hvaða aðstæður skal fresta eða fella niður ferð?			
2.8	Eru viðmið um fjölda þátttakenda á hvern leiðsögumann í verklagsreglum? (Taka þarf mið af sérstökum aðstæðum svo sem árstíma, veðri og getu þátttakenda.)			
2.9	Ef við á, er tekið á því hvernig hóp er raðað, t.d. hverjir fremstir og aftastir?			
2.10	Er gátlisti í verklagsreglum um hvernig ber að upplýsa þátttakendur um ábyrga hegðun þeirra í ferðinni (hvað ber að varast, hvað er æskilegt)?			
	Búnaður o.fl.			
2.11	Er gátlisti um nauðsynlegan neyðarbúnað sem verður að vera með í för?			
2.12	Er gátlisti vegna búnaðar leiðsögumanna í verklagsreglum?			
2.13	Er gátlisti vegna sameiginlegs búnaðar í verklagsreglum?*			
2.14	Má finna í verklagsreglum hvar sérhæfður sprungubjörgunararbúnaður er geymdur og telst það eðlileg fjarlægð?			
2.15	Er gátlisti í verklagsreglum vegna viðhalds búnaðar og eftirliti með ástandi hans?			

2.16	Er í verklagsreglum farið yfir hvernig þátttakendur eru upplýstir um neyðarbúnað og kennt að nota hann ef á þarf að halda s.s. skýli, línur og annað?			
2.17	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendum er leiðbeint um notkun sérhæfðs búnaðar vegna ferðarinnar?			
2.18	Er í verklagsreglum hugað að sóttvörnum?			
	Ferðin sjálf			
2.19	Eru leiðbeiningar í verklagsreglum um samskipti leiðsögumanna við þátttakendur og eftirlit þeirra með líðan og velferð þátttakenda?			
2.20	Er í verklagsreglum farið yfir hvernig leiðbeina á þátttakendum um viðbrögð verði þeir viðskila við hóp/leiðsögumann?			
2.21	Kemur fram í verklagsreglum hvaða svæði eru of hættuleg við ákveðnar aðstæður og þá hvaða aðstæður?			
2.22	Er í verklagsreglum fjallað um hjáleiðir/plan B og hvort og þá hvernig leiðsögumenn geta breytt leið krefjist öryggi þátttakenda þess?			
	Hæfniskröfur starfsmanna			
2.23	Eru kröfur um reynslu, menntun og kunnáttu leiðsögumanna skýrar í verklagsreglum? (Þar með talin færni í notkun nauðsynlegs neyðar- og tækjabúnaðar s.s. sprungubjörgunarbúnaðar, ísklifursbúnaðar, fjarskiptatækja, tjalda eða annarra skýla, færni í að meta veður og aðrar aðstæður o.fl.).			
2.24	Eru kröfur til annarra starfsmanna í ferðinni skýrar í verklagsreglum?			
2.25	Eru kröfur um menntun í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir?			
2.26	Eru kröfur um viðeigandi þekkingu í fyrstu hjálp skýrar?			
2.27	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þekkingu og færni starfsmanna í fyrstu hjálp er viðhaldið?			
2.28	Kemur fram í verklagsreglum hvernig starfsmönnum er kynnt öryggisáætlun fyrirtækisins og því fylgt eftir að unnið sé í samræmi við hana?			
	Viðbragðsáætlanir			
3.1	Eru til viðbragðsáætlanir vegna mismunandi atvika svo sem slysa, veikinda, náttúruvár?			
3.2	Eru viðbragðsáætlanir á hentugu formi svo leiðsögumaður geti auðveldlega tekið þær með?			
3.3	Er kveðið á um hvernig á að sinna öðrum þátttakendum ef til óhapps kemur?			
3.4	Er skýrar línur um verkvið leiðsögumanns í viðbragðsáætlunum, ábyrgð hans og heimildir til ákvarðana og upplýsingagjafar?			
3.5	Er skýrt í viðbragðsáætlunum hvenær ber að kalla til aðstoð? Betra að kalla oftar og afturkalla frekar ef ekki reynist þörf.			
3.6	Er verkaskipting starfsmanna í viðbragðsáætlunum skýr?			
3.7	Taka viðbragðsáætlanir á hvernig má koma björgun á staðinn, þyrlu, bíl, mannskap?			
3.8	Eru viðbragðsáætlanir miðaðar við fjarlægð í bjargir?			
3.9	Taka viðbragðsáætlanir á því hvernig á að rýma viðkomandi svæði á jökli?			
4	Atvikaskýrsla			
4.1	Fylgir atvikaskýrsla öryggisáætlun og reglur um útfyllingu skýrslu?			
4.2	Er skýrt að ávallt beri að fylla út atvikaskýrslu ef um er að ræða atvik/slys eða næstum slys?			
	Er í öryggisáætlun kveðið á um reglulega endurskoðun hennar?			

*Sjúkrabúnaður, sprungubjörgunarbúnaður, fjarskiptabúnaður, neyðarsendir, GPS tæki, áttaviti, kort, lína, ísöxi, annar sérhæfður búnaður, tjöld, eldunartæki, eldsneyti. Fer eftir leiðarvali.

Annað:

- Eru leiðbeiningar í verklagsreglum sem tryggja að umgengni um náttúruna og umhverfið sé í samræmi við gæðaviðmið Vakans?
- Gátlisti þessi er ekki tæmandi, æskilegt er að hafa hliðsjón af gæðaviðmiðum Vakans nr. 203 *Gönguferðir um jökla og fjöll*.
- Ef notuð eru farartæki til að komast að upphafsstað gönguferðar (t.d. ekið) þarf öryggisáætlun einnig að taka tillit til þess hluta ferðarinnar.